

FRAMLENGING

Á SAMNINGI UM REKSTUR MÖTUNEYTIS AUÐARSKÓLA

MEÐ VIÐBÓTARÁKVÆÐUM

1. gr.

Framlenging þessi byggir á samningi um rekstur mötuneytis Auðarskóla sem undirritaður var 10.08.2023. Samningurinn inniheldur ákvæði um framlengingu sem samningsaðilar hafa ákveðið að nýta og er útskýrt hér á eftir ásamt viðbótarákvæðum eftir viðræður samningsaðila.

2. gr.

Framlenging þessi tekur gildi við þegar í stað við undirritun og gildir til eins árs, það er frá 2026 til 2027.

3. gr.

Við undirritun þessarar framlengingar er einingaverð eftirfarandi:

Máltíð	Einingarverð	
Morgunmatur í grunnskóla	560	kr.-
Hádegismatur í grunnskóla	1620	kr.-
Morgunmatur í leikskóla	400	kr.-
Hádegismatur í leikskóla	1.028	kr.-
Síðdegishressing í leikskóla	400	kr.-
Hádegismatur annarra starfsmanna	2.113	kr.- <i>ASG / RP</i>
Hádegismatur starfsmanna	2.219	kr.-
Aðrar tilfallandi máltíðir á vegum Dalabyggðar	2.398	kr.-

Samningsverð verðbætist 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí og 1. október ár hvert og helst óbreytt þess á milli. Grunnvísitala tilboðs er vísitala neysliverðs til verðtryggingar í apríl 2026 sem er 674,6 stig. Samningsverð verðbætist í fyrsta sinn þann 1. júlí 2026.

4. gr.

Viðbótarákvæði við framlengdan samning er eftirfarandi:

- Fjöldi nemenda sem standa að baki samningi sé yfirfarinn 4x á ári samhliða vísitöluhækkun og tillit tekið til þess hvort nemendum fækki eða fjölgi verulega m.v. upprunalegan samning.
- Það er á ábyrgð starfsfólks Auðarskóla að fylgja mat fram í matsal til nemenda og starfsfólks Auðarskóla. Með undirritun framlengingar samnings færast sá verkhluti til verktaka og/eða starfsfólks hans. Það snýr m.a. að hreinlæti, umgengni við matinn og nýtingu hans. Til að standa straum af kostnaði við þá vinnu hækkar hádegisskammtur fyrir grunnskólanema og starfsfólk í grunnskóla um 5% við undirritun framlengingar.
- Það er á ábyrgð Auðarskóla að sinna innkaupum fyrir sína starfsemi þ.m.t. vegna heimilisfræðikennslu Auðarskóla eða ávaxtastundar á vegum Auðarskóla. Komi til þess að verktaki og/eða starfsfólk hans í mötuneyti sé beðið um að sinna innkaupum sem þessum og/eða móttöku á þeim, greiðir Auðarskóli pöntunargjald sem bætist ofan á innkaupaverð (viðmið sé 1 klst í vinnu).

5. gr.

Aðrar greinar samningsins frá 2023, sem þessi framlenging er viðbót við, halda gildi sínu.

Framlenging þessi er gerð í tvíriti og heldur hvor aðili sínu eintaki.

Birtardal 28/5 2026

Staður og dagsetning

Björn Bjarki Þorsteinsson
Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri
F.h. Dalabyggðar

Þóra Sigr. Órsköld
F.h. Vínlandsseturs ehf.

Vottar að réttri dagsetningu og undirskrift:

Þórunn Þorvald 230774-4129
Nafn og kennitala

Ólafur 0601694039
Nafn og kennitala